

Nd.

622. Breytingartillaga

við frv. til laga um heimild handa stjórninni til þess að taka gjaldeyrislán.

Flutningsmaður: Jakob Möller.

Við 2. gr.

Greinin orðist svo:

Af láni þessu er ríkisstjórninni heimilt að verja allt að 5 milljónum kr. til að auka hlutfje Íslandsbanka, þannig, að trygð verði umráð ríkisins yfir fullum helmingi hlutfjár bankans, og þó því að eins, að fram hafi farið áður nákvæm athugun á hag bankans og hlutfjárframlög þessi dæmd tiltækileg. Verð hlutabryefa þeirra, sem ríkissjóður tekur, skal ákveðið til bráðabirgða af matsnefnd, sem hluthafar bankans og ríkisstjórnin nefna jafnmarga menn í, en hæstirjettur oddamann. Endanlegt mat skal fram fara tveim árum síðar.

Heimilt er stjórninni að lána Íslandsbanka þessa upphæð, eða meira, þegar í stað, gegn tryggingum, þar til afráðið er um hlutakaupin. Enn fremur er henni heimilt að lána Landsbankanum fje eftir þörfum.